

Dómsmálaráðuneytið  
Sölvhóls götu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. október 2024

## SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

### Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á áfengislögum (vefverzlun með áfengi)

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreindra frumvarpsdraga, sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 30. september síðastliðinn. Með drögunum er lagt til að innlend vefverzlun með áfengi verði heimilud einkaaðilum og þannig gerð breyting á umfangi einkaleyfis Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins (ÁTVR) á smásölu áfengra drykkja. FA gerir eftirfarandi athugasemdir:

#### I. Lagalegur skýrleiki um heimild til innlendrar netverzlunar með áfengi

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að markmið þess sé að marka smásölu áfengis, sem þegar fari fram á veraldarvefnum, lagalegan ramma þar sem kveðið verði á um skilyrði fyrir leyfisveitingum og framkvæmd sölunnar. Þá sé markmiðið ekki síður að jafna stöðu innlendra áfengisvefverzlana við sambærilegar verðanir erlendis, sem íslenskum neytendum sé nú þegar heimilt að verðla við. Þessi markmið styður FA heils hugar, enda hefur félagið árum saman kallað eftir lagalegum skýrleika í þessum efnum og m.a. sent ráðuneytinu ítrekuð erindi þess efnis.

Í greinargerðinni er réttilega bent á að engar hömlur hafa verið á að einstaklingar flytji inn áfengi sem þeir kaupa af erlendum vefverzlunum, enda myndi slíkt brjóta í bága við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Af þeim sökum hefur FA talið ljóst að innlend vefverzlun með áfengi væri jafnframt heimil, út frá sjónarmiðum um jafnræði, þótt hún hafi ekki verið heimilud sérstaklega í áfengislögum. Eða eins og ráðuneytið segir í greinargerð frumvarpsins: „Vart verða fundin dæmi í íslenskri löggjöf þar sem íslenskum neytendum er óheimilt að kaupa vöru af innlendri verslun sem heimilt er að versla af erlendri verslun og fá senda heim að dyrum.“

FA tekur heils hugar undir þau sjónarmið sem fram koma í greinargerðinni, að málefnaleg rök skorti fyrir þeirri takmörkun á atvinnufrelsi að innlendir aðilar megi ekki keppa við erlenda að þessu leyti. Félagið er sömuleiðis sammála því að verði ekkert aðhafzt í málinu, muni áfram ríkja óvissa um lögmæti innlendra vefverzlana með áfengi, sem sé hvorki ásættanleg staða fyrir hið opinbera né fyrir hinn almenna borgara. Því má bæta við að sú staða er ekki heldur viðunandi fyrir fyrirtæki, sem verðla eða geta hugsað sér að verðla með áfengi. Lagaramminn um samkeppnisumhverfið verður að vera skýr, eins og mikilvægt er í öllum fyrirtækjarekstri. FA telur mikilvægt að óvissunni verði eytt og styður því í meginatriðum þá breytingu, sem lögð er til með frumvarpinu.

#### II. Heildarendurskoðunina vantar

Að því sögðu vill FA ítreka þá afstöðu sína að það skref í átt til aukins frjálsræðis á áfengismarkaði, sem fyrirhugað er að stíga samkvæmt frumvarpsdrögunum, er of stutt. Það er að mörgu leyti

skiljanlegt að stjórnvöld vilji gera breytingar á þessum markaði í smærri skrefum, en það þjónar hins vegar engum tilgangi að loka augunum fyrir því að smáskammtalækningar geta orðið til þess að búa til nýtt ójafnræði og samkeppnishömlur á markaðnum. FA vísar til bréfs ráðuneytisins til félagsins 8. október 2021, þar sem fram kom að áfengislögin hefðu ekki þróast í takt við samfélagsþróun, m.a. tilkomu netviðskipta og stórauðna innlenda áfengisframleiðslu, og að á undanförunum árum hefðu komið upp „ýmis álitaefni sem hafa bent til þess að mikilvægt sé að ráðast í heildarendurskoðun á áfengislögum til að þau endurspegli breytta þróun á sviði verzlunar og framleiðslu áfengis hér á landi.“

Að mati FA er áfram brýnt að slík heildarendurskoðun á áfengislöggjöfinni fari fram. Þróun í tækni og verzlunarháttum hefur leitt af sér ójafnræði og gert núverandi löggjöf úrelta og skaðlega á fleiri sviðum en hvað varðar netverzlun með áfengi.

Þannig liggur fyrir að stjórnvöld hafa látið óátaldar ýmsar leiðir framhjá einkarétti ÁTVR á smásölu áfengis, sem áfengislögin kveða á um í orði, aðrar en netverzlun. Nýlega var smærri brugghúsum heimilað að selja áfengi á framleiðslustað, en slík sala hafði lengi farið fram án lagaheimildar. Jafnframt er hægt að kaupa áfengi í vegasjoppum og hafa með sér, áfengi er til sölu fyrir viðskiptavini hefðbundinnar smásöluverzlunar í Leifsstöð og margir neytendur kaupa áfengi í gegnum áskriftar- og smakklúbba, sem eru reknir alveg óháð ÁTVR. Allt eru þetta eðlilegir verzlunarháttir, en um þá gilda engar reglur vegna þess að lögin gera ekki ráð fyrir þeim.

Þá liggur jafnframt fyrir að áfengisauglýsingar eru víða í fjölmiðla- og samfélagsmiðlaumhverfinu á Íslandi. Erlend vörumerki eru auglýst á vefsíðum, í blöðum og tímaritum sem eru seld á Íslandi og í beinum útsendingum frá t.d. íþróttaviðburðum í íslensku sjónvarpi. Áfengisauglýsingar eru sömuleiðis út um allt í samfélagsmiðlum, sem íslensk stjórnvöld hafa enga lögsögu yfir. Afleiðing auglýsingabannsins, sem er í gildi samkvæmt bókstaf áfengislaganna, er fyrst og fremst sú að það hallar á íslenska áfengisframleiðendur í samkeppni þeirra við erlenda keppinauta. Jafnframt er það svo að þótt áfengisauglýsingar séu víða í okkar daglega umhverfi gilda engar reglur um þær, af því að lögin gera ráð fyrir að þær séu ekki til.

Að mati félagsins er bráðnauðsynlegt að ráðuneytið bregðist við ofangreindri þróun, ekki síður en þróuninni í verzlun á netinu.

### III. Hlutverk og samkeppnisstaða ÁTVR

Í greinargerð draganna segir: „Frumvarpinu er ekki ætlað að hrófla við hlutverki Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins.“ Þarna hljóta höfundar draganna að tala gegn betri vitund. Með því að lagalegri óvissu um starfsemi innlendra netverzlana sé eytt, má ætla að t.d. allar hefðbundnar stórmarkaðakeðjur á Íslandi komi sér upp netverzlunum. Það verður til mikils þægindaauka fyrir neytendur, sem munu geta pantað á netinu og kippt áfengum drykkjum með sér í næstu ferð í matvörubúðina, í stað þess að gera sér sérferð í ÁTVR. Það er því vandséð að ÁTVR eigi sér rekstrargrundvöll að gerðri þessari lagabreytingu og langeðlilegast er að stjórnvöld horfist í augu við það og heimili í framhaldinu einkaaðilum að annast hefðbundna smásölu áfengis, ekki síður en netverzlun, að settum eðlilegum skilyrðum.

Í drögum og greinargerð þeirra er því enginn gaumur gefinn að ÁTVR er nú þegar í samkeppni við einkareknar netverzlunir, enda hefur stofnunin rekið eigin netverzlun um árabil. Engin tilraun er gerð til að setja reglur um hvernig ÁTVR hagi samkeppni við einkaaðila. Reynslan sýnir að það er almennt vond hugmynd að ríkisstofnanir séu í samkeppni við einkaaðila og enn verri hugmynd að ríkisstofnanir, sem njóta einkaréttar á sumum sviðum starfsemi sinnar, séu í samkeppni við einkafyrirtæki á öðrum sviðum.

Í drögum, sem hér eru til umfjöllunar, eru ákvæði sem vekja þegar upp spurningar í þessu sambandi. Þannig er kveðið á um það í 4. og 6. grein frumvarpsins að vefverzlunum sé óheimilt að hafa áfengi til sýnis á starfsstöð sinni eða á afhendingarstað. Mun það sama gilda um vefverzlun ÁTVR, en afhendingarstaðir hennar eru m.a. verzlunir stofnunarinnar? Eða mun ríkisverzlunin þegar í stað njóta forréttinda umfram einkarekna keppinauta sína?

#### IV. Auglýsingabann og jafnræði

Líkt að að ofan segir og FA hefur ítrekað bent á áður, er augljós afleiðing af samþykkt frumvarps sem byggist á þessum drögum sú, að sala stórmarkaðakeðjanna á áfengum drykkjum mun fara vaxandi. Hvergi í Evrópu er jafnmikil samþjöppun á matvörumarkaði og hér á landi og augljóst er að stórmarkaðakeðjurnar munu halda að neytendum áfengi sem þær flytja inn sjálfar. Afnáam auglýsingabanns á áfengi er nauðsynleg aðgerð til að jafna stöðuna á milli stórmarkaðakeðjanna og annarra áfengisinnflytjenda og innlendra framleiðenda, sem að öðrum kosti eru í lakari stöðu til að vekja athygli neytenda á sínum vörumerkjum.

#### V. Er bezt fyrir lýðheilsu að breyta engu?

Frumvarpsdrög þessi hafa þegar fengið gagnrýni á þeim forsendum að aðgengi að áfengi muni aukast, með neikvæðum áhrifum á lýðheilsu. FA leyfir sér að benda á að ekkert beint samband er á milli aðgengis að áfengi og misnotkunar þess; þannig stórvókst aðgengi að áfengi með fjölgun sölustaða ÁTVR og mikilli fjölgun vínveitingastaða, á sama tíma og unglíngadrykkja á Íslandi minnkaði verulega. Til að ná markmiðum um lýðheilsu eru fræðsla, forvarnir og upplýsingar líklegri til árangurs en boð og bönn.

Félagið vill sömuleiðis ítreka það, sem að ofan segir, að vegna þess að löggjöfin gerir ekki ráð fyrir að t.d. áfengisauplýsingar eða vefverzlun einkaaðila með áfengi sé til, eru fyrir vikið engar reglur til um viðkomandi starfsemi og hvernig hún skuli úr garði gerð. Hvort er betra fyrir lýðheilsu að stjórnvöld loki augunum fyrir eðlilegri þróun á sviði samskipta og viðskipta eða að þau horfist í augu við hana og leitist við að hafa áhrif á hana með því að setja henni skynsamlegan ramma?

#### VI. Gildistökuákvæði

FA leyfir sér að síðustu að benda á að villa virðist hafa slæðzt inn í frumvarpsdrögin á tveimur stöðum, þar sem kveðið er á um gildistöku laganna, verði þau samþykkt, 1. maí á síðasta ári.

#### VII. Að lokum

Félag atvinnurekenda hvetur til þess að drög þessi verði lögð fram sem frumvarp á Alþingi, með ofangreindum lagfæringum. Félagið leggur ennfremur ríka áherzlu á að ráðizt verði hið fyrsta í heildarskoðun á áfengislöggjöfinni, með viðskiptafrelsi að leiðarljósi, til að eyða frekara ójafnræði og

samkeppnishömlum á þessum vaxandi markaði. Félagið áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og er ævinlega reiðubúið að funda með ráðuneytinu um skynsamlegar breytingar á áfengislöggjöfinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA